

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps. *71. fundur.*

að Hlíðavegi 6, fimmtudaginn 28. janúar 2010, kl. 13:30.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Fundargerð Landbúnaðarnefndar dags. 11. jan.
3. Fundargerð Byggingarnefndar dags. 19. jan.
4. Deiliskipulag Björk.
5. Erindi frá M.F.N. ósk um framlengingu á samstarfssamningi.
6. Erindi frá Yngva R. Kristjánssyni f.h. Akstursípróttaklúbbs Mývatnssveitar.
7. Útgarður 4.

Til kynningar:

Afrit af bréfi Sigfúsar Illugasonar til Umhverfisst. dags. 9. jan.

Fundargerð stjórnar DA. dags. 13. jan.

Mættir: Margrét Hólm Valsdóttir, Ingunn Guðbjörnsdóttir, Kristján Stefánsson,
Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétusson.

1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund og óskaði eftir að málum 6 og 7 yrði bætt á dagskránnu.
Samþykkt samhljóða.

2. Fundargerð Landbúnaðarnefndar dags. 11. jan.

Í öðrum lið fundargerðarinnar kemur fram að farið hafi verið yfir fjallskilareglugerð S-Þing með tilliti til breytinga. Landbúnaðarnefnd samþykkir að nauðsynlegt sé að breyta 29. gr. þannig að heimilt sé að leggja allt að einum þriðja hluta fjallskilakostnaðar á landverð jarða, að frádregnu verði ræktaðs lands og hlunninda. Ef að heimild þessi er notuð skal vera sama álagningarhlutfall á landverð allra jarða. Þá voru nefndarmenn sammála um að breyta þurfi 23. gr. þannig að fullgildur gangnamaður sé a.m.k. 16 ára og að einnig þurfi að breyta 25. gr þannig að heimilt sé að fyrsti réttardagur sé frá 20. ágúst – 15. september.
Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við fundargerðina.

3. Fundargerð Byggingarnefndar dags. 19. jan.

Eftirfarandi liðir fundargerðarinnar eiga við um Skútustaðahrepp.

Liður 4.

200912050 – Erindi frá Héðni Sverrissyni, Geiteyjarströnd 1, Mývatnssveit

Héðinn Sverrisson sækir um byggingarleyfi fyrir stærri garðskála við íbúðarhúsið að Geiteyjarströnd 1. Áður hefur verið samþykkt bygging garðskála ásamt byggingu ofan á húsið. Nú er hann teiknaður við vesturhlið hússins og er hann 42 m² að grunnfleti. Teikningar eru unnar af Vilhjálmi Hjálmarssyni arkitekt.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

Liður 5.

200910089 – Erindi frá Sýslumanninum á Húsavík

Sýslumaðurinn á Húsavík óskar eftir umsögn nefndarinnar vegna breytingar á rekstrarleyfi fyrir Kaffi Borgir/Dimmuborgir ehf. Nýr forsvarsmaður Steinunn Ósk Stefánsdóttir.

Byggingarnefnd veitir jákvæða umsögn.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu Byggingarnefndar.

4. Deiliskipulag Björk.

Fyrir fundinum liggur ný tillaga að deiliskipulagi í landi Bjarkar. Tillagan byggir á staðfestu aðalskipulagi og tekur til athfnasvæðis Voga ferðaþjónustu. Deiliskipulagsupprátturinn er unnin af Búgarði vnr. 09-104.
Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra að auglýsa tillöguna.

5. Erindi frá M.F.N. ósk um framlengingu á samstarfssamningi.

Með bréfi dags. 1. október 2009, en barst ekki fyrr en með tölvupósti 20. janúar s.l. óskar Ásbjörn Björgvinsson f.h. Markaðsskrifstofu Ferðamála á Norðurlandi eftir þriggja ára framlengingu á samstarfssamningi á milli M.F.N. og Skútustaðahrepps.

Í samningnum er kveðið á um að MFN vinni að fjölgun ferðamanna til sveitarfélagsins og Norðurlands til hagsbóta fyrir atvinnulífið. Þá annist MFN alla almenna markaðssetningu Norðurlands með útgáfu og dreifingu vandaðs

kynningarefnis fyrir ferðamenn ásamt því að halda úti heimasíðu sem gefi raunhæfa mynd af ferða- og afþreyingarmöguleikum á viðkomandi svæði. Jafnframt tryggir MFN kynningu Skútustaðahrepps í öllum almennum verkefnum á vegum skrifstofunnar þar með talið kynningarbæklingum og ferðahandbókum, ferðasölusýningum hér heima og erlendis. Auk þess sem ferðaþjónustufyrirtækjum á svæðinu gefst kostur á þátttöku í sérstökum markaðsverkefnum í samstarfi við MFN.

Óskað er eftir að samningurinn gildi frá 1. janúar 2010 til 31. desember 2012. Kostnaður vegna samningsins miðast við íbúafjölda og er kr. 500.- pr. íbúa á ári miðað við íbúafjölda 1. desember árið á undan. Sveitarstjórn samþykkir að endurnýja samninginn.

6. Erindi frá Yngva R. Kristjánssyni f.h. Akstursíþróttaklúbbs Mývatnssveitar.

Með bréfi óskar Yngvi R. Kristjánsson eftir leyfi til að halda ískrossmót í Mývatnssveit 30. janúar. Mótinu hefur verið fundinn staður á Stakhólstjörn við Skútustaði.

Sveitarstjórn veitir umbeðið leyfi fyrir sitt leyti.

7. Útgarður 4.

Á fundi stjórnar Dvalarheimilis aldraðra 25. janúar voru til umræðu íbúðirnar við Útgarð 4. Tvö lán hvíla á húseigninni, frá Íbúðalánasjóði og Íslandsbanka. Til að auðvelda sölu íbúðanna leggur stjórnin til að aðildarsveitarfélög DA taki á sig lánið frá Íslandsbanka um 90 milljónir. Fyrstu 25% lánsupphæðarinnar fellur á sveitarfélagið þar sem íbúðirnar eru staðsettar, í þessu tilviki Norðurþing. 75% er síðan skipt á milli allra aðildarsveitarfélaganna í hlutfalli við eignarhlut. Hlutur Skútustaðahrepps er milli fimm og sex milljónir króna. Þá var og rætt hvort sveitarfélögin ættu að hafa forkaupsrétt á íbúðunum eða kaupskyldu.

Sveitarstjórn samþykkir tillögu stjórnar DA þess efnis að sveitarfélögin taki á sig lánið hjá Íslandsbanka. Sveitarstjórn hafnar því að taka á sig kaupskyldu vegna nefndra íbúða en samþykkir að sveitarfélögin hafi forkaupsrétt.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.
Margrét Hólm Valsdóttir,
Ingunn Guðbjörnsdóttir,
Kristján Stefánsson,
Dagbjört Bjarnadóttir,
Böðvar Pétusson.